

(Áætlun skips sem siglir með eigin afla) í símskeyti, telexi, telefaxi eða með öðrum þeim hætti sem Fiskistofa heimilar, þar sem tilgreint er magn hvernar fisktegundar eins nákvæmlega og unnt er. Jafnframt skal tilgreina umboðsmann, sölustað og áætlaðan söludag. Dreifist afli til fleiri söluaðila erlendis skal þess getið sérstaklega.

## 30. gr.

Flutningafyrirtækjum sem annast flutning á afla á erlendan markað er skylt að senda Fiskistofu farmskýrslur á því formi sem Fiskistofa óskar og eigi síðar en 24 klst. eftir að flutningsfar lætur úr höfn.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. nóvember 1999.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 516, 27. júlí 1999,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1999/2000.**

## 1. gr.

4. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Sé botnfiskafli sem fluttur er óunninn á erlendan markað, ekki endanlega vigtaður hér á landi og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs fyrir útflutning, samkvæmt reglugerð nr. 522/1998 um vigtun sjávaraflla, skal reikna hann með álagi til aflamarks. Á fiskveiðiárinu 1999/2000 skal álagið vera 17% á þorsk og 10% á aðrar botnfisktegundir sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla samkvæmt 2. gr.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. nóvember 1999.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*